Ekki fela öll ferli gæðastjórnunarkerfis í sér sama áhættustig að því er varðar getu skipulagsheildar til þess að ná markmiðum sínum, og áhrif óvissu eru ekki hin sömu fyrir allar skipulagsheildir. Samkvæmt þeim kröfum sem settar eru fram í 6.1 ber skipulagsheildin ábyrgð á beitingu sinni á áhættugrunndaðri hugsun og aðgerðunum sem hún grípur til í því skyni að takast á við áhættu, þ.m.t. hvort varðveita beri skjalfestar upplýsingar sem sönnunargögn um ákvörðun sína á áhættu.

A.5 Notkunarsvið

Í alþjóðastaðli þessum er ekki er vísað til „undanskilins“ með tilliti til notkunarsviðs krafna hans fyrir gæðastjórnunarkerfi skipulagsheildar. Hins vegar getur skipulagsheild rýnt notkunarsvið krafna í ljósi stærðar eða flækjustigs skipulagsheildarinnar, stjórnunarlíkansins sem hún tekur upp, umfangs starfsemi skipulagsheildarinnar og eðlis áhættu og tækifæra sem verða á vegi hennar.

Um kröfur um notkunarsvið er fjallað í 4.3, þar sem skilgreindar eru aðstæðurnar þar sem skipulagsheild getur ákveðið að ekki sé unnt að beita kröfu á eitthvert þeirra ferla sem falla undir umfang gæðastjórnunarkerfisins. Skipulagsheild getur einungis ákveðið að krafa eigi ekki við ef ákvörðun hennar hefur ekki þær afleiðingar að misbrestur verði á því að ná samræmi vöru og þjónustu.

A.6 Skjalfestar upplýsingar

Sem liður í samræmingu við aðra stjórnunarkerfisstaðla hefur verið tekin upp sameiginleg grein um „skjalfestar upplýsingar“ án verulegrar breytingar eða viðbóta (sjá 7.5). Þar sem við á hefur texti annars staðar í alþjóðastaðli þessum verið samstilltur við kröfur hennar. Af því leiðir að „skjalfestar upplýsingar“ er notað um allar kröfur varðandi skjöl.

ÍST EN ISO 9001:2015

A.3 Understanding the needs and expectations of interested parties

Subclause 4.2 specifies requirements for the organization to determine the interested parties that are relevant to the quality management system and the requirements of those interested parties. However, 4.2 does not imply extension of quality management system requirements beyond the scope of this International Standard. As stated in the scope, this International Standard is applicable where an organization needs to demonstrate its ability to consistently provide products and services that meet customer and applicable statutory and regulatory requirements, and aims to enhance customer satisfaction.

There is no requirement in this International Standard for the organization to consider interested parties where it has decided that those parties are not relevant to its quality management system. It is for the organization to decide if a particular requirement of a relevant interested party is relevant to its quality management system.

A.4 Risk-based thinking

The concept of risk-based thinking has been implicit in previous editions of this International Standard, e.g. through requirements for planning, review and improvement. This International Standard specifies requirements for the organization to understand its context (see 4.1) and determine risks as a basis for planning (see 6.1). This represents the application of risk-based thinking to planning and implementing quality management system processes (see 4.4) and will assist in determining the extent of documented information.

One of the key purposes of a quality management system is to act as a preventive tool. Consequently, this International Standard does not have a separate clause or subclause on preventive action. The concept of preventive action is expressed through the use of risk-based thinking in formulating quality management system requirements.

The risk-based thinking applied in this International Standard has enabled some reduction in prescriptive requirements and their replacement by performance-based requirements. There is greater flexibility than in ISO 9001:2008 in the requirements for processes, documented information and organizational responsibilities.

Although 6.1 specifies that the organization shall plan actions to address risks, there is no requirement for formal methods for risk management or a documented risk management process. Organizations can decide whether or not to develop a more extensive risk management methodology than is required by this International Standard, e.g. through the application of other guidance or standards.

Not all the processes of a quality management system represent the same level of risk in terms of the organization's ability to meet its objectives, and the effects of uncertainty are not the same for all organizations. Under the requirements of 6.1, the organization is responsible for its application of risk-based thinking and the actions it takes to address risk, including whether or not to retain documented information as evidence of its determination of risks.

A.5 Applicability

This International Standard does not refer to "exclusions" in relation to the applicability of its requirements to the organization's quality management system. However, an organization can review the applicability of requirements due to the size or complexity of the organization, the management model it adopts, the range of the organization's activities and the nature of the risks and opportunities it encounters.

The requirements for applicability are addressed in 4.3, which defines conditions under which an organization can decide that a requirement cannot be applied to any of the processes within the scope of its quality management system. The organization can only decide that a requirement is not applicable if its decision will not result in failure to achieve conformity of products and services.

A.6 Documented information

As part of the alignment with other management system standards, a common clause on "documented information" has been adopted without significant change or addition (see 7.5). Where appropriate, text elsewhere in this International Standard has been aligned with its requirements. Consequently, "documented information" is used for all document requirements.

ÍST EN ISO 9001:2015

Þar sem í ISO 9001:2008 voru notuð sérstök hugtök á borð við „skjal“ eða „skjalfestar verklagsreglur“, „gæðahandbók“ eða „gæðaskipulag“ eru í þessari útgáfu þessa alþjóðastaðals skilgreindar kröfur um að „viðhalda skjalfestum upplýsingum“.

Þar sem í ISO 9001:2008 var notað hugtakið „skrár“ um skjöl sem þörf var á til þess að láta í té sönnunargögn um samræmi við kröfur, er það nú sett fram sem krafa um að „varðveita skjalfestar upplýsingar“. Skipulagsheildin ber ábyrgð á því að ákvarða hvaða skjalfestar upplýsingar þurfi að varðveita, tímabilið sem þarf að varðveita þær og miðlana sem nota á til varðveislu þeirra.

Krafa um að „viðhalda“ skjalfestum upplýsingum útilokar ekki þann möguleika að skipulagsheildin kunnir einnig að þurfa að „varðveita“ sömu skjalfestu upplýsingar í sérstökum tilgangi, t.d. að varðveita eldri útgáfur þeirra.

Þegar í alþjóðastaðli þessum er vísað til „upplýsinga“ fremur en „skjalfestra upplýsinga“ (t.d. í 4.1: „Skipulagsheildin skal vakta og rýna upplýsingar um þessi ytri og innri málefni“), er ekki gerð krafa um að þessar upplýsingar séu skjalfestar. Í slíkum tilvikum getur skipulagsheildin ákveðið hvort nauðsynlegt sé eða viðeigandi að viðhalda skjalfestum upplýsingum eða ekki.

A.7 Þekking skipulagsheildar

Í 7.1.6 í alþjóðastaðli þessum er fjallað um þörfina á því að ákvarða og stjórna þekkingu sem skipulagsheildin viðheldur til þess að tryggja starfrækslu ferla hennar og að hún geti náð fram samræmi vöru og þjónustu.

Kröfur varðandi þekkingu skipulagsheildar voru teknar upp í því skyni að:

- a) vernda skipulagsheildina fyrir þekkingartapi, t.d.
 - vegna starfsmannaveltu,
 - vegna misbrests á því að fanga og deila upplýsingum,
- b) hvetja skipulagsheildina til þess að afla sér þekkingar, t.d.
 - með því að læra af reynslu,
 - með leiðsögn,
 - með árangursviðmiðum.

A.8 Stýring á ferlum, vörum og þjónustu sem veitt eru utan frá

Um allar gerðir ferla, vöru og þjónustu sem veitt eru utan frá er fjallað í 8.4, t.d. hvort heldur með:

- a) kaupum frá birgi,
- b) samkomulagi við hlutdeildarfélag,
- c) útvistun ferla til ytri veitanda.

Útvistun hefur alltaf eðlislægan eiginleika þjónustu, þar sem að minnsta kosti ein athöfn á sér óhjákvæmilega stað á samskiptafleti veitandans og skipulagsheildarinnar.

Stýringar sem krafist er vegna ytri veitingar geta verið afar breytilegar, háð eðli ferla, vöru og þjónustu. Skipulagsheildin getur beitt áhættugrundaðri hugsun til þess að ákvarða tegund og umfang stýringa sem viðeigandi eru gagnvart tilteknum ytri veitendum og ferlum, vörum og þjónustu sem veitt eru utan frá.

ÍST EN ISO 9001:2015

Where ISO 9001:2008 used specific terminology such as “document” or “documented procedures”, “quality manual” or “quality plan”, this edition of this International Standard defines requirements to “maintain documented information”.

Where ISO 9001:2008 used the term “records” to denote documents needed to provide evidence of conformity with requirements, this is now expressed as a requirement to “retain documented information”. The organization is responsible for determining what documented information needs to be retained, the period of time for which it is to be retained and the media to be used for its retention.

A requirement to “maintain” documented information does not exclude the possibility that the organization might also need to “retain” that same documented information for a particular purpose, e.g. to retain previous versions of it.

Where this International Standard refers to “information” rather than “documented information” (e.g. in 4.1: “The organization shall monitor and review the information about these external and internal issues”), there is no requirement that this information is to be documented. In such situations, the organization can decide whether or not it is necessary or appropriate to maintain documented information.

A.7 Organizational knowledge

In 7.1.6, this International Standard addresses the need to determine and manage the knowledge maintained by the organization, to ensure the operation of its processes and that it can achieve conformity of products and services.

Requirements regarding organizational knowledge were introduced for the purpose of:

- a) safeguarding the organization from loss of knowledge, e.g.
 - through staff turnover;
 - failure to capture and share information;
- b) encouraging the organization to acquire knowledge, e.g.
 - learning from experience;
 - mentoring;
 - benchmarking.

A.8 Control of externally provided processes, products and services

All forms of externally provided processes, products and services are addressed in 8.4, e.g. whether through:

- a) purchasing from a supplier;
- b) an arrangement with an associate company;
- c) outsourcing processes to an external provider.

Outsourcing always has the essential characteristic of a service, since it will have at least one activity necessarily performed at the interface between the provider and the organization.

The controls required for external provision can vary widely depending on the nature of the processes, products and services. The organization can apply risk-based thinking to determine the type and extent of controls appropriate to particular external providers and externally provided processes, products and services.

ÍST EN ISO 9001:2015

Viðauki B (til upplýsinga)

Aðrir alþjóðastaðlar um gæðastjórnun og gæðastjórnunarkerfi sem þróaðir hafa verið af ISO/TC 176

Alþjóðastaðlarnir sem lýst er í viðauka þessum hafa verið þróaðir af ISO/TC 176 til þess að veita stuðningsupplýsingar fyrir skipulagsheildir sem beita þessum alþjóðastaðli og til þess að veita leiðsögn fyrir skipulagsheildir sem kjósa að ganga lengra en krafist er samkvæmt honum. Leiðsögn eða kröfur í skjölunum sem talin eru upp í viðauka þessum bæta ekki við eða breyta kröfum þessa alþjóðastaðals.

Í töflu B.1 eru sýnd tengslin milli þessara staðla og viðeigandi kafla í alþjóðastaðli þessum.

Í viðauka þessum er ekki að finna tilvísanir til atvinnugreinastaðla um gæðastjórnunarkerfi, sem þróaðir hafa verið af ISO/TC 176.

Alþjóðastaðall þessi er einn af þremur kjarnastöðlum sem ISO/TC 176 hefur þróað.

- ISO 9000 *Gæðastjórnunarkerfi – Grunnatriði og íðorðasafn* veitir nauðsynlegan bakgrunn fyrir réttan skilning og innleiðingu á alþjóðastaðli þessum. Meginreglum gæðastjórnunar er lýst í smáatriðum í ISO 9000 og tekið hefur verið mið af þeim við þróun þessa alþjóðastaðals. Þessar meginreglur eru ekki kröfur í sjálfu sér, en þær mynda grunninn að kröfunum sem tilgreindar eru í þessum alþjóðastaðli. Í ISO 9000 eru skilgreind hugtök, skilgreiningar og hugmyndir sem notuð eru í alþjóðastaðli þessum.
- Í ISO 9001 (þessum alþjóðastaðli) eru tilgreindar kröfur sem miða fyrst og fremst að því að veita traust á vöru og þjónustu sem skipulagsheild veitir og þar með að bæta ánægju viðskiptavina. Einnig má gera ráð fyrir að viðhlítandi innleiðing hans leiði til annars ávinnings fyrir skipulagsheild, svo sem bættra innri samskipta, betri skilnings og stýringar á ferlum skipulagsheildarinnar.
- ISO 9004 *Stjórnun sem miðar að viðvarandi árangri fyrirtækis (skipulagsheildar) – Gæðastjórnunarnálgun* veitir leiðsögn fyrir skipulagsheildir sem velja að ganga lengra en krafist er samkvæmt þessum alþjóðastaðli, til þess að takast á við breiðara svið viðfangsefna sem leitt geta til umbóta á heildarframmistöðu skipulagsheildarinnar. Í ISO 9004 er að finna leiðsögn um sjálfsmatsaðferðir sem gera skipulagsheild kleift að meta þroskastig gæðastjórnunarkerfis síns.

Alþjóðastaðlarnir sem fjallað er um hér að neðan geta hjálpað skipulagsheildum þegar þær eru að koma á eða leitast við að bæta gæðastjórnunarkerfi sín, ferli sín eða starfsemi sína.

- ISO 10001 *Gæðastjórnun – Ánægja viðskiptavina – Leiðbeiningar um siðareglur fyrir skipulagsheildir* veitir leiðsögn til skipulagsheildar við ákvörðun á því hvort ákvæði hennar um ánægju viðskiptavina mæta þörfum og væntingum viðskiptavina. Notkun hans getur bætt traust viðskiptavina á skipulagsheild og bætt skilning viðskiptavina á því hvers megi vænta af skipulagsheild og þar með dregið úr líkum á misskilningi og kvörtunum.
- ISO 10002 *Gæðastjórnun – Ánægja viðskiptavina – Leiðbeiningar um meðferð skipulagsheilda á kvörtunum* veitir leiðsögn um ferli til meðferðar á kvörtunum með því að viðurkenna og takast á við þarfir og væntingar þeirra sem kvarta og leysa úr kvörtunum sem berast. Í ISO 10002 er sett fram opið, markvirkt kerfi sem er auðvelt í notkun til meðferðar á kvörtunum, þar með talið til þjálfunar á fólki. Þar er einnig að finna leiðsögn fyrir lítil fyrirtæki.
- ISO 10003 *Gæðastjórnun – Ánægja viðskiptavina – Leiðbeiningar um lausn deilumála utan skipulagsheilda* veitir leiðsögn um markvirka og hagkvæma lausn deilumála vegna kvartana sem tengjast vörum. Lausn deilumála veitir leið til úrbóta þegar skipulagsheild ræður ekki bót á kvörtunum innan hennar. Flestar kvartanir má leysa með árangursríkum hætti innan skipulagsheildar án átakamálsmeðferðar.
- ISO 10004 *Gæðastjórnun – Ánægja viðskiptavina – Leiðbeiningar um vöktun og mælingar* veitir leiðbeiningar um aðgerðir til þess að bæta ánægju viðskiptavina og ákvarða tækifæri til umbóta á vörum, ferlum og einkennum sem hafa gildi fyrir viðskiptavinum. Slíkar aðgerðir geta eflt tryggð viðskiptavina og hjálpað til að halda viðskiptavinum.

ÍST EN ISO 9001:2015

Annex B (informative)

Other International Standards on quality management and quality management systems developed by ISO/TC 176

The International Standards described in this annex have been developed by ISO/TC 176 to provide supporting information for organizations that apply this International Standard, and to provide guidance for organizations that choose to progress beyond its requirements. Guidance or requirements contained in the documents listed in this annex do not add to, or modify, the requirements of this International Standard.

Table B.1 shows the relationship between these standards and the relevant clauses of this International Standard.

This annex does not include reference to the sector-specific quality management system standards developed by ISO/TC 176.

This International Standard is one of the three core standards developed by ISO/TC 176.

- ISO 9000 *Quality management systems – Fundamentals and vocabulary* provides an essential background for the proper understanding and implementation of this International Standard. The quality management principles are described in detail in ISO 9000 and have been taken into consideration during the development of this International Standard. These principles are not requirements in themselves, but they form the foundation of the requirements specified by this International Standard. ISO 9000 also defines the terms, definitions and concepts used in this International Standard.
- ISO 9001 (this International Standard) specifies requirements aimed primarily at giving confidence in the products and services provided by an organization and thereby enhancing customer satisfaction. Its proper implementation can also be expected to bring other organizational benefits, such as improved internal communication, better understanding and control of the organization's processes.
- ISO 9004 *Managing for the sustained success of an organization — A quality management approach* provides guidance for organizations that choose to progress beyond the requirements of this International Standard, to address a broader range of topics that can lead to improvement of the organization's overall performance. ISO 9004 includes guidance on a self-assessment methodology for an organization to be able to evaluate the level of maturity of its quality management system.

The International Standards outlined below can provide assistance to organizations when they are establishing or seeking to improve their quality management systems, their processes or their activities.

- ISO 10001 *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for codes of conduct for organizations* provides guidance to an organization in determining that its customer satisfaction provisions meet customer needs and expectations. Its use can enhance customer confidence in an organization and improve customer understanding of what to expect from an organization, thereby reducing the likelihood of misunderstandings and complaints.
- ISO 10002 *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for complaints handling in organizations* provides guidance on the process of handling complaints by recognizing and addressing the needs and expectations of complainants and resolving any complaints received. ISO 10002 provides an open, effective and easy-to-use complaints process, including training of people. It also provides guidance for small businesses.
- ISO 10003 *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for dispute resolution external to organizations* provides guidance for effective and efficient external dispute resolution for product-related complaints. Dispute resolution gives an avenue of redress when organizations do not remedy a complaint internally. Most complaints can be resolved successfully within the organization, without adversarial procedures.
- ISO 10004 *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for monitoring and measuring* provides guidelines for actions to enhance customer satisfaction and to determine opportunities for improvement of products, processes and attributes that are valued by customers. Such actions can strengthen customer loyalty and help retain customers.

ÍST EN ISO 9001:2015

- ISO 10005 *Gæðastjórnunarkerfi – Leiðbeiningar um gæðaskipulag* veitir leiðsögn um að koma á og nota gæðaskipulag sem leið til þess að tengja kröfur ferlis, vöru, verkefni eða samnings við vinnulag og starfshætti sem styðja við raungerð vöru. Ávinningurinn af því að koma á gæðaskipulagi er aukið traust á því að kröfur verði uppfylltar, að ferlum sé stýrt og sú hvatning sem það getur veitt þeim sem að málum koma.
- ISO 10006 *Gæðastjórnunarkerfi – Leiðbeiningar um gæðastjórnun í verkefnum* getur átt við um verkefni, stór og smá, einföld og flókin, og einstök verkefni jafnt og þau sem eru hluti af safni verkefna. ISO 10006 er til notkunar af hálfu starfsmanna sem stjórna verkefnum og sem þurfa að tryggja að skipulagsheildir sínar beiti þeim venjum sem er að finna í ISO gæðastjórnunarkerfisstöðlum.
- ISO 10007 *Gæðastjórnunarkerfi – Leiðbeiningar um samstæðustjórnun* er til hjálpar fyrir skipulagsheildir sem beita samstæðustjórnun fyrir tæknileg og stjórnunarleg áform yfir líftíma vöru. Samstæðustjórnun má nota til þess að mæta þeim kröfum um auðkenningu og rekjanleika vöru sem tilgreindar eru í þessum alþjóðastaðli.
- ISO 10008 *Gæðastjórnun – Ánægja viðskiptavina – Leiðbeiningar um rafræn viðskipti milli fyrirtækja og neytenda* veitir leiðsögn um hvernig skipulagsheild getur komið á markvirku og hagkvæmu kerfi rafrænna viðskipta milli fyrirtækja og neytenda og þannig lagt grunn að því að neytendur hafi aukið traust á rafrænum viðskiptum, bætt getu skipulagsheildar til þess að gera viðskiptavininn ánægðan og hjálpað til að draga úr kvörtunum og deilum.
- ISO 10012 *Mælistjórnunarkerfi – Kröfur varðandi mæliferli og mælibúnað* veitir leiðsögn um stjórnun á mæliferlum og mælifræðilegri staðfestingu mælibúnaðar sem notuð eru til þess að styðja við og sýna fram á hlitingu við mælifræðilegar kröfur. Í ISO 10012 eru sett fram gæðastjórnunarviðmið fyrir mælistjórnunarkerfi til þess að tryggja að mælifræðilegar kröfur séu uppfylltar.
- ISO/TR 10013 *Leiðsögn um skjalfestingu í gæðastjórnunarkerfi* veitir leiðsögn um þróun og viðhald þeirrar skjalfestingar sem nauðsynleg er fyrir gæðastjórnunarkerfi. ISO/TR 10013 má nota til þess að skjalfesta stjórnunarkerfi önnur en þau sem heyra undir ISO gæðastjórnunarkerfisstaðlana, t.d. umhverfisstjórnunarkerfi og öryggisstjórnunarkerfi.
- ISO 10014 *Gæðastjórnun – Leiðbeiningar til þess að raungera fjárhagslegan og efnahagslegan ávinning* er beint að yfirstjórn. Þar eru veittar leiðbeiningar um að raungera fjárhagslegan og efnahagslegan ávinning með því að beita meginreglum gæðastjórnunar. Hann auðveldar beitingu meginreglna um stjórnun og val á aðferðum og verkfærum sem greiða fyrir viðvarandi árangri skipulagsheildar.
- ISO 10015 *Gæðastjórnun – Leiðbeiningar um þjálfun* veitir leiðbeiningar til þess að aðstoða skipulagsheildir að takast á við málefni sem varða þjálfun. ISO 10015 má beita hvenær sem leiðsagnar er þörf við að túlka tilvísanir til „menntunar“ og „þjálfunar“ í ISO gæðastjórnunarkerfisstöðlunum. Tilvísanir til „þjálfunar“ taka til allra tegunda menntunar og þjálfunar.
- ISO/TR 10017 *Leiðsögn um tölfraeðiaðferðir fyrir ISO 9001:2000* skýrir tölfraeðilegar aðferðir sem leiða af þeim breytileika sem merkja má í hegðun og niðurstöðum ferla, jafnvel við aðstæður sem virðast stöðugar. Tölfraeðilegar aðferðir gera kleift að nýta betur fyrirbyggjandi gögn til aðstoðar við ákvarðanatöku og þar með hjálpa þær til við að gera stöðugar umbætur á gæðum vara og ferla til þess að ná fram ánægju viðskiptavina.
- ISO 10018 *Gæðastjórnun – Leiðbeiningar um þátttöku og hæfni fólks* veitir leiðbeiningar sem áhrif hafa á þátttöku fólks og hæfni. Gæðastjórnunarkerfi veltur á þátttöku hæfs fólks og hvernig því er kynnt skipulagsheildin og það samþætt henni. Höfuðmáli skiptir að ákvarða, þróa og meta þá þekkingu, kunnáttu, hegðun og það vinnuumhverfi sem krafist er.
- ISO 10019 *Leiðbeiningar um val á gæðastjórnunarkerfisráðgjöfum og notkun á þjónustu þeirra* veitir leiðsögn um val á gæðastjórnunarkerfisráðgjöfum og notkun á þjónustu þeirra. Hann veitir leiðsögn um ferlið til þess að meta hæfni gæðastjórnunarkerfisráðgjafa og veitir traust á því að þarfir og væntingar skipulagsheildarinnar varðandi þjónustu ráðgjafans verði uppfylltar.

ÍST EN ISO 9001:2015

- ISO 10005 *Quality management systems – Guidelines for quality plans* provides guidance on establishing and using quality plans as a means of relating requirements of the process, product, project or contract, to work methods and practices that support product realization. Benefits of establishing a quality plan are increased confidence that requirements will be met, that processes are in control and the motivation that this can give to those involved.
- ISO 10006 *Quality management systems – Guidelines for quality management in projects* is applicable to projects from the small to large, from simple to complex, from an individual project to being part of a portfolio of projects. ISO 10006 is to be used by personnel managing projects and who need to ensure that their organization is applying the practices contained in the ISO quality management system standards.
- ISO 10007 *Quality management systems – Guidelines for configuration management* is to assist organizations applying configuration management for the technical and administrative direction over the life cycle of a product. Configuration management can be used to meet the product identification and traceability requirements specified in this International Standard.
- ISO 10008 *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for business-to-consumer electronic commerce transactions* gives guidance on how organizations can implement an effective and efficient business-to-consumer electronic commerce transaction (B2C ECT) system, and thereby provide a basis for consumers to have increased confidence in B2C ECTs, enhance the ability of organizations to satisfy consumers and help reduce complaints and disputes.
- ISO 10012 *Measurement management systems – Requirements for measurement processes and measuring equipment* provides guidance for the management of measurement processes and metrological confirmation of measuring equipment used to support and demonstrate compliance with metrological requirements. ISO 10012 provides quality management criteria for a measurement management system to ensure metrological requirements are met.
- ISO/TR 10013 *Guidelines for quality management system documentation* provides guidelines for the development and maintenance of the documentation necessary for a quality management system. ISO/TR 10013 can be used to document management systems other than those of the ISO quality management system standards, e.g. environmental management systems and safety management systems.
- ISO 10014 *Quality management – Guidelines for realizing financial and economic benefits* is addressed to top management. It provides guidelines for realizing financial and economic benefits through the application of quality management principles. It facilitates application of management principles and selection of methods and tools that enable the sustainable success of an organization.
- ISO 10015 *Quality management – Guidelines for training* provides guidelines to assist organizations in addressing issues related to training. ISO 10015 can be applied whenever guidance is required to interpret references to “education” and “training” within the ISO quality management system standards. Any reference to “training” includes all types of education and training.
- ISO/TR 10017 *Guidance on statistical techniques for ISO 9001:2000* explains statistical techniques which follow from the variability that can be observed in the behaviour and results of processes, even under conditions of apparent stability. Statistical techniques allow better use of available data to assist in decision making, and thereby help to continually improve the quality of products and processes to achieve customer satisfaction.
- ISO 10018 *Quality management – Guidelines on people involvement and competence* provides guidelines which influence people involvement and competence. A quality management system depends on the involvement of competent people and the way that they are introduced and integrated into the organization. It is critical to determine, develop and evaluate the knowledge, skills, behaviour and work environment required.
- ISO 10019 *Guidelines for the selection of quality management system consultants and use of their services* provides guidance for the selection of quality management system consultants and the use of their services. It gives guidance on the process for evaluating the competence of a quality management system consultant and provides confidence that the organization’s needs and expectations for the consultant’s services will be met.

ÍST EN ISO 9001:2015

- ISO 19011 *Leiðbeiningar um úttektir á stjórnunarkerfum* veitir leiðsögn um stjórnun úttektaráætlunar, um skipulagningu og framkvæmd úttektar á stjórnunarkerfi, svo og um hæfni og mat á úttektarmanni og úttektarteymi. ISO 19011 er ætlað að gilda um úttektarmenn, skipulagsheildir sem innleiða stjórnunarkerfi og skipulagsheildir sem þurfa að gera úttektir á stjórnunarkerfum.

Tafla B.1 – Tengsl milli annarra alþjóðastaðla um gæðastjórnun og gæðastjórnunarkerfi og kafla þessa alþjóðastaðals

Annar alþjóðastaðall	Kafli í þessum alþjóðastaðli						
	4	5	6	7	8	9	10
ISO 9000	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar
ISO 9004	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar
ISO 10001					8.2.2, 8.5.1	9.1.2	
ISO 10002					8.2.1	9.1.2	10.2.1
ISO 10003						9.1.2	
ISO 10004						9.1.2, 9.1.3	
ISO 10005		5.3	6.1, 6.2	Allar	Allar	9.1	10.2
ISO 10006	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar
ISO 10007					8.5.2		
ISO 10008	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar
ISO 10012				7.1.5			
ISO/TR 10013				7.5			
ISO 10014	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar
ISO 10015				7.2			
ISO/TR 10017			6.1	7.1.5		9.1	
ISO 10018	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar	Allar
ISO 10019					8.4		
ISO 19011						9.2	

ATHUGASEMD „Allar“ gefur til kynna að allar greinar í tilgreindum kafla þessa alþjóðastaðals tengist hinum alþjóðastaðlinum.

ÍST EN ISO 9001:2015

- ISO 19011 Guidelines for auditing management systems provides guidance on the management of an audit programme, on the planning and conducting of an audit of a management system, as well as on the competence and evaluation of an auditor and an audit team. ISO 19011 is intended to apply to auditors, organizations implementing management systems, and organizations needing to conduct audits of management systems.

Table B.1 – Relationship between other International Standards on quality management and quality management systems and the clauses of this International Standard

Other International Standard	Clause in this International Standard						
	4	5	6	7	8	9	10
ISO 9000	All	All	All	All	All	All	All
ISO 9004	All	All	All	All	All	All	All
ISO 10001					8.2.2, 8.5.1	9.1.2	
ISO 10002					8.2.1	9.1.2	10.2.1
ISO 10003						9.1.2	
ISO 10004						9.1.2, 9.1.3	
ISO 10005		5.3	6.1, 6.2	All	All	9.1	10.2
ISO 10006	All	All	All	All	All	All	All
ISO 10007					8.5.2		
ISO 10008	All	All	All	All	All	All	All
ISO 10012				7.1.5			
ISO/TR 10013				7.5			
ISO 10014	All	All	All	All	All	All	All
ISO 10015				7.2			
ISO/TR 10017			6.1	7.1.5		9.1	
ISO 10018	All	All	All	All	All	All	All
ISO 10019					8.4		
ISO 19011						9.2	

NOTE "All" indicates that all the subclauses in the specific clause of this International Standard are related to the other International Standard.

ÍST EN ISO 9001:2015

Ritaskrá

- [1] ÍST ISO 9004, *Stjórnun sem miðar að viðvarandi árangri fyrirtækis – Gæðastjórnunarnálgun*
- [2] ISO 10001, *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for codes of conduct for organizations*
- [3] ISO 10002, *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for complaints handling in organizations*
- [4] ISO 10003, *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for dispute resolution external to organizations*
- [5] ISO 10004, *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for monitoring and measuring*
- [6] ISO 10005, *Quality management systems – Guidelines for quality plans*
- [7] ISO 10006, *Quality management systems – Guidelines for quality management in projects*
- [8] ISO 10007, *Quality management systems – Guidelines for configuration management*
- [9] ISO 10008, *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for business-to-consumer electronic commerce transactions*
- [10] ÍST EN ISO 10012, *Measurement management systems – Requirements for measurement processes and measuring equipment*
- [11] ISO/TR 10013, *Guidelines for quality management system documentation*
- [12] ISO 10014, *Quality management – Guidelines for realizing financial and economic benefits*
- [13] ISO 10015, *Quality management – Guidelines for training*
- [14] ISO/TR 10017, *Guidance on statistical techniques for ISO 9001:2000*
- [15] ISO 10018, *Quality management – Guidelines on people involvement and competence*
- [16] ISO 10019, *Guidelines for the selection of quality management system consultants and use of their services*
- [17] ÍST EN ISO 14001, *Umhverfisstjórnunarkerfi – Kröfur ásamt leiðsögn um notkun*
- [18] ÍST EN ISO 19011, *Leiðbeiningar um úttektir stjórnunarkerfa*
- [19] ISO 31000, *Risk management – Principles and guidelines*
- [20] ISO 37500, *Guidance on outsourcing*
- [21] ISO/IEC 90003, *Software engineering – Guidelines for the application of ISO 9001:2008 to computer software*
- [22] IEC 603001, *Dependability management – Part 1: Guidance for management and application*
- [23] IEC 61160, *Design review*
- [24] Quality management principles, ISO¹⁾
- [25] Selection and use of the ISO 9000 family of standards, ISO¹⁾
- [26] ISO 9001 for Small Businesses – What to do, ISO¹⁾
- [27] Integrated use of management system standards, ISO¹⁾
- [28] www.iso.org/tc176/sc02/public
- [29] www.iso.org/tc176/ISO9001AuditingPracticesGroup

1) Available from website: <http://www.iso.org>.

ÍST EN ISO 9001:2015

Bibliography

- [1] ISO 9004, *Managing for the sustained success of an organization – A quality management approach*
- [2] ISO 10001, *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for codes of conduct for organizations*
- [3] ISO 10002, *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for complaints handling in organizations*
- [4] ISO 10003, *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for dispute resolution external to organizations*
- [5] ISO 10004, *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for monitoring and measuring*
- [6] ISO 10005, *Quality management systems – Guidelines for quality plans*
- [7] ISO 10006, *Quality management systems – Guidelines for quality management in projects*
- [8] ISO 10007, *Quality management systems – Guidelines for configuration management*
- [9] ISO 10008, *Quality management – Customer satisfaction – Guidelines for business-to-consumer electronic commerce transactions*
- [10] ISO 10012, *Measurement management systems – Requirements for measurement processes and measuring equipment*
- [11] ISO/TR 10013, *Guidelines for quality management system documentation*
- [12] ISO 10014, *Quality management – Guidelines for realizing financial and economic benefits*
- [13] ISO 10015, *Quality management – Guidelines for training*
- [14] ISO/TR 10017, *Guidance on statistical techniques for ISO 9001:2000*
- [15] ISO 10018, *Quality management – Guidelines on people involvement and competence*
- [16] ISO 10019, *Guidelines for the selection of quality management system consultants and use of their services*
- [17] ISO 14001, *Environmental management systems – Requirements with guidance for use*
- [18] ISO 19011, *Guidelines for auditing management systems*
- [19] ISO 31000, *Risk management – Principles and guidelines*
- [20] ISO 37500, *Guidance on outsourcing*
- [21] ISO/IEC 90003, *Software engineering – Guidelines for the application of ISO 9001:2008 to computer software*
- [22] IEC 60300-1, *Dependability management – Part 1: Guidance for management and application*
- [23] IEC 61160, *Design review*
- [24] Quality management principles, ISO¹⁾
- [25] Selection and use of the ISO 9000 family of standards, ISO¹⁾
- [26] ISO 9001 for Small Businesses – What to do, ISO¹⁾
- [27] Integrated use of management system standards, ISO¹⁾
- [28] www.iso.org/tc176/sc02/public
- [29] www.iso.org/tc176/ISO9001AuditingPracticesGroup

1) Available from website: <http://www.iso.org>.

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlum og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um stöðlum.

Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlum. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum.

Staðlaráð er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC og evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC og ETSI og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA.

Helstu verkefni eru:

- Umsjón með staðlagerð á Íslandi.
- Að aðhæfa og staðfesta þá staðla sem skylt er vegna aðildar Staðlaráðs að erlendum staðlasamtökum.
- Að greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórn-sýslu og hjá einkaaðilum.
- Að starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs á Íslandi sem þjónustar stofnanir, fyrirtæki, einstaklinga og samtök sem vilja nýta sér staðla.

Staðlaráð Íslands tekur ekki efnislega afstöðu til staðla og ákveður ekki hvað skuli staðlað. Ákvarðanir um það eru teknar af þeim sem eiga hagsmuna að gæta og þeir greiða fyrir verkefni.

Á vegum Staðlaráðs starfa fjögur fagstaðlaráð:

Byggingarstaðlaráð (BSTR)
Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF)
Fagstaðlaráð í upplýsingatækni (FUT)
Rafstaðlaráð (RST)

Á vegum Staðlaráðs starfa einnig fagstjórnir í gæðamálum og í véltækni.

Það er einfalt og fyrirhafnarlítið að panta og finna staðla á netinu

www.stadlar.is



Íslenskir staðlar